



Samtök sveitarfélaga á  
höfuðborgarsvæðinu

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd

Kópavogur, 5. október 2023.  
Málsnr. 1910005/PBG/HH

**Efni: Umsögn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um pósthjónustu nr. 98/2019 (úrþætur á póstmarkaði), 181. mál.**

Með vísan til umsagnarbeiðnar sem SSH fengu senda með tölvupósti hinn 22. september sl. vilja samtökin ítreka þá umsögn sem þau sendu vegna málsins þegar sama frumvarp var lagt fram á 153. löggjafarþingi. Frumvarpið mun nú lagt fram að nýju óbreytt og því eiga eftirfarandi sjónarmið enn við, en fyrri athugasemdir SSH voru svohljóðandi:

„Með frumvarpinu er lagt til að heimildir til að nýta svokallaðar bréfastassamstæður verði rýmkaðar en þær geti leitt til þess að í stað þess að bréf verði borin út í hvert og eitt hús á höfuðborgarsvæðinu þurfi viðtakendur að sækja bréfpóst í slíkar samstæður. Í greinargerð með frumvarpinu er þá bent á að talsverður tími muni líða þar til hægt verður að taka slíkar samstæður í notkun á höfuðborgarsvæðinu og að ýmis atriði þarfnist nánari útfærslu. Nánar eigi eftir að útfæra ýmis atriði, svo sem þjónustu við fólk sem kemst ekki einhverra hluta vegna í bréfastassamstæður, t.d. vegna aldurs, fötlunar eða veikinda, staðsetningu bréfastassamstæðna og samvinnu við skipulagsyfirlögd. Þá segir að verði frumvarpið að lögum muni alþjónustuveitandi geta ákveðið í samráði við viðkomandi sveitarfélag að setja upp bréfastassamstæður í tilteknu póstnúmeri þannig að íbúar geti sótt póstinn sinn í göngufæri. Í 2. mgr. 5. tl. 27. gr. laga um pósthjónustu kemur þá fram að samráð skuli haft við viðkomandi sveitarstjórnir um staðsetningu bréfastassamstæðna.

Samkvæmt framansögðu telja SSH enn nokkuð óljóst hvernig útfærslu og fyrirkomulagi verði háttáð og leggja samtökin áherslu á að fullt samráð verði haft við sveitarfélögin á öllum stigum við frekari útfærslu þessarar heimildar verði frumvarpið að lögum. Við þá vinnu verði jafnframt tekið mið af skipulagsstefnu svæðisskipulags, sem og aðalskipulags hvers og eins sveitarfélags, en nú er almennt stefnt að því að styrkja meginþingjarna sveitarfélaga sem sjálfbæra burðarása viðkomandi nærsamfélags, þar sem íbúum gefst tækifæri að sækja grunnþjónusta í auðveldu göngufæri við heimili. Þá er samstarf við sveitarfélögin sér í lagi mikilvægt þegar kemur að því að tryggja útfærslu þjónustunnar gagnvart þeim hópum sem af einhverjum ástæðum gætu átt örðugt um vik með að nálgast póst í bréfastassamstæður, s.s. vegna aldurs, getu, öldrunar eða fötlunar. Þá skal bent á að póstnúmer eru afar misjöfn að stærð og því varhugavert að miða við tiltekinn fjölda bréfastassamstæðna í hverju póstnúmeri án tillits til flatarmáls enda verði fyrst að skilgreina „göngufæri“ og miða staðsetningu út frá því, sem og skilgreinda afmörkun hverfis- og nærþjónustukjarna í aðalskipulagi sveitarfélaga.

Þá vilja SSH benda á viðfangsefni kafla 3 í Landsskipulagsstefnu 2015 – 2026 sem samþykkt var á Alþingi í mars 2016 þar sem segir: „Að þróun þéttbýlis og fyrirkomulag byggðar stuðli að sjálfbærni með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og markvissu og samþættu skipulagi byggðar og samgangna.“ Hætt er við að frumvarpið vinni gegn framangreindri stefnu ef útfærsla leiðir til aukinnar umferðar einkabíla og dragi úr þjónustu í nærumhverfi.“

Þá lýsa SSH sig reiðubúin til þess að mæta á fund nefndarinnar og gera frekari grein fyrir umsögn sinni verði þess óskað.

Virðingarfyllst  
f.h. Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Páll Björgvín Guðmundsson  
framkvæmdastjóri SSH